



18. nóvember 2011 með síðari breytingum.

SI-79753

Skilmálar um gjaldeyrisviðskipti

samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta

FJÁRFESTINGARLEIÐ TIL LOSUNAR GJALDEYRISHAFTA

1. Seðlabanki Íslands hyggst standa fyrir gjaldeyrisútboðum, um skipti á erlendum gjaldeyri fyrir innlendan gjaldeyri, hér eftir „*íslenskar krónur*“ eða bara „*krónur*“, til innlestrar fjárfestingar. Viðskiptin, hér eftir nefnd einu nafni „*fjárfestingarleið*“, eru liður í losun hafta á fjármagnshreyfingar með gjaldeyri, sbr. áætlun Seðlabankans um afléttingu gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011, og eru þau framkvæmd á grundvelli 18. gr., sbr. III. bráðabirgðaákvæði, laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. og I. bráðabirgðaákvæði laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Markmið Seðlabanka Íslands með viðskiptunum er að liðka fyrir losun hafta á fjármagnshreyfingum með gjaldeyri, án þess að það valdi verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum eða tefli fjármálastöðugleika í tvísýnu. Því er gerð krafa um að fjárfesting sem af viðskiptunum leiðir sé bundin til langs tíma hér á landi, og að um hana fari eftir þessum skilmálum um gjaldeyrisviðskipti, hér eftir einnig vísað til sem „*skilmálar*“.¹
2. Viðskipti vegna fjárfestinganna munu í meginatriðum fara fram með eftirfarandi hætti:
 - a. Fjárfestar sem hyggjast fjárfesta á Íslandi í samræmi við skilmálar þessa, og sem selja erlendan gjaldeyri hjá innlendri fjármálastofnun, munu að öllum skilyrðum uppfylltum geta selt Seðlabankanum erlendan gjaldeyri í gjaldeyrisútboði, þar sem fjárfestir getur boðið Seðlabankanum að kaupa jafnmikinn erlendan gjaldeyri og hann seldi innanlands; sbr. 18. og 19. gr. skilmálanna.
 - b. Fjárfestar sem nýtt hafa, eða munu nýta, *Nýfjárfestingarleið* Seðlabankans, sbr. 13. gr. m laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, m.s.br., geta tekið þátt að öllum skilyrðum uppfylltum, með vísan til tilkynningar um nýfjárfestingu, gegn því að afsala sér heimild til sölu fjárfestinga gegn erlendum gjaldeyri; sbr. i-lið 20. gr. skilmálanna.
 - c. Viðskiptin skulu fara fram fyrir tilstilli milligönguaðila. Milligönguaðilar munu hafa milligöngu um framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboði Seðlabankans, í samræmi við þessa skilmála og útboðsskilmála, sbr. 28.-32. gr. skilmálanna. Upplýsingar um nöfn milligönguaðila má nálgast á heimasíðu Seðlabankans.¹
 - d. Seðlabankinn mun fara yfir umsóknirnar og staðfesta þátttöku í útboðum sem haldin verða, sbr. 11.-17. gr. skilmálanna.
 - e. Í kjölfar útboðs tilkynnir Seðlabankinn milligönguaðila um niðurstöðu útboðsins, og fer frágangur þá fram til samræmis við þessa skilmála og útboðsskilmála. Krónum sem fjárfestir eignast í viðskiptunum mun Seðlabankinn halda eftir, og greiðast þær inn á reikning milligönguaðila fyrir hönd fjárfestis um leið og öll skilyrði viðskiptanna hafa verið uppfyllt, sbr. 20.-23. gr. skilmálanna.²
 - f. Gefnir verða út útboðsskilmálar sem lýsa viðskiptunum nánar, hér eftir vísað til sem „*útboðsskilmálar*“.

¹ Breytt 1. mars 2012

² Breytt 1. mars 2012

3. Einnig verður fjárfestum sem hyggjast fjárfesta, með sama hætti og greinir í þessum skilmálum gert mögulegt að óska eftir undanþágu til þess að flytja til landsins krónur, enda hafi þær verið í samfelldu eignarhaldi fjárfestisins frá 28. nóvember 2008; sbr. 24. – 27. gr. skilmálanna.

SKILYRÐI VIÐSKIPTA

4. Eigendur erlends gjaldeyris, hvort sem um ræðir innlenda eða erlenda aðila, sem vilja fjárfesta á Íslandi til samræmis við þessa skilmála, geta átt kost á þátttöku í útboðsviðskiptum samkvæmt fjárfestingarleiðinni við Seðlabankann, gegnum milligönguaðila, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
- Að fjárfestir hyggist fjárfesta samkvæmt því sem hann upplýsir Seðlabankann um, og til samræmis við það sem greinir í þessum skilmálum og/eða útboðsskilmálum, en með *fjárfestingu* samkvæmt þessum skilmálum er átt við það að festa fé í verðmætum sem ekki eiga að glata verðgildi sínu heldur færa fjárfestinum hagnað, m.a. við endursölu þegar honum verður það heimilt.³
 - Að þeir fjármunir sem fjárfestir hyggst bjóða Seðlabankanum til kaups samkvæmt fjárfestingarleið feli í sér *innstreymi nýs erlends gjaldeyris*. Felur það m.a. í sér að um sé að ræða fjármuni sem stafi *ekki* af tekjum af almennum utanríkisviðskiptum (e. current transactions), þar með talin lánveiting innlends aðila á erlendum gjaldeyri. Skilgreining tekna vegna almennra utanríkisviðskipta miðast við það sem kveðið er á um í d-lið XXX. gr. stofnsáttmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
 - Að þeir fjármunir sem fjárfestir hyggst bjóða Seðlabankanum til kaups samkvæmt fjárfestingarleið séu *ekki* innstæður á erlendum gjaldeyrisreikningum, í innlendum fjármálafyrirtækjum, sem urðu til fyrir dagsetningu skilmála þessara.
 - Að sömu skilyrði og þau er koma fram í 8. gr. þessara skilmála, varðandi efnisatriði lána, sem og 7. gr., varðandi eðlilegar vaxtagreiðslur, eigi að breyttu breytanda við í þeim tilfellum þar sem fjármunir þeir sem innlendir aðili hyggst bjóða Seðlabankanum til kaups samkvæmt fjárfestingarleið eru til komnir vegna erlendrar lántöku.⁴
 - Að fjárfestir sé raunverulegur eigandi fjármunanna, svo að viðskiptin séu framkvæmd fyrir eigin reikning fjárfestisins en ekki fyrir hönd annars/annarra aðila; og jafnframt að fjárfesting sé ekki til málamynda, einungis gerð til þess að afla fjárfestinum hagnaðar af undirliggjandi gjaldeyrisviðskiptum án þess að fjárfestingin eigi að færa honum hagnað.⁵
 - Að fjárfestir sé *ekki* innlendir viðskiptabanki, sparisjóður eða lánastofnun, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.
 - Að fjárfestir, eða lögaðili þar sem hann á eða átti sæti í stjórn eða er eða var í forsvari fyrir, hafi ekki verið ákærður af handhafa ákærvalds eða kærður til lögreglu af Seðlabankanum, og máli vegna þess sé enn ólokið hjá ákærvaldi eða lögreglu, eða vanefnt verulega óuppgerða stjórnvaldssekt eða sátt; allt vegna brota á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, og reglum settum á grundvelli þeirra.⁶
 - Að viðskipti fjárfestis samkvæmt fjárfestingarleiðinni feli ekki í sér stærri fjárfestingu sem, með hliðsjón af ójafnvægi milli innlendra og erlendra kostnaðarþátta, ógnar markmiðum skv. 1. gr. skilmálanna, um að viðskipti samkvæmt áætluninni valdi ekki verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum eða tefli fjármálastöðugleika í tvísýnu. Með stærri fjárfestingu er átt við fjárfestingu sem nemur hærri fjárhæð en 20 milljónum EUR, eða jafnvirði þess í íslenskum krónum miðað við skráð gengi Seðlabanka Íslands við dagsetningu umsóknar fjárfestis. Seðlabankinn áskilur sér rétt samkvæmt þessu til að setja skorður við

³ Breytt 19. nóvember 2012

⁴ Breytt 1. mars 2012

⁵ Breytt 19. nóvember 2012

⁶ Breytt 1. mars 2012

fjárhæðarþátttöku fjárfestis, með því að takmarka annað hvort magn þeirra fjármuna sem fjárfestir getur boðið Seðlabankanum að kaupa, eða magn þeirra króna sem fjárfestir hyggst flytja til landsins.⁷

5. Viðskiptin eru skilyrt því að fjárfestir áformi fjárfestingu til fimm ára hið minnsta. Fjárfestir mun þurfa að undirrita staðlaðan skilmála við Seðlabankann sem meðal annars mælir fyrir um eftirfarandi:
 - a. Að fjárfestir samþykki kvaðir um bann við hvers kyns ráðstöfun fjárfestingarinnar, hvort sem er bein eða óbein, til fimm ára, og þ.m.t. allar veðsetningar, framvirkir samningar eða aðrar afleiður.
 - b. Skuldbindingu fjárfestis til þess að undirrita öll skjöl í tengslum við kvaðabindingu fjárfestingar, og ljá atbeina sinn að hverju því sem nauðsynlegt er, svo kvöðum verði veitt réttarvernd með fullnægjandi hætti.
 - c. Ákvæði um innlausnarrétt Seðlabanka til handa, verði brotið gegn kvöðum um bann við ráðstöfun, en Seðlabankinn áskilur sér allan rétt ef nauðsyn krefur til málshöfðunar, kyrrsetningar eða annarra réttar- og fullnustugerða til heimtu á innlausnarrétti.⁸
 - d. Skuldbindingu fjárfestis um að veita allar upplýsingar í viðskiptum sínum og Seðlabankans sem nauðsynlegar eru, til að sýna fram á og staðreyna að skilyrði Seðlabankans fyrir viðskiptunum séu uppfyllt.
 - e. Í tilviki fjárfestis, hvers verðbréf hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum verðbréfamarkaði innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), og/eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sem starfar reglulega og er opinn almenningi; geta skilmálar þeir sem fjárfestir undirrita innihaldið frávik frá liðum a til c, enda sé þá um að ræða fjárfestingu sem samkvæmt eðli sínu tryggir það að markmiðum um fjárfestingu til fimm ára hið minnsta sé örugglega náð.⁹
6. Seðlabankinn setur þau skilyrði fyrir viðskiptunum að fyrirhugaðar fjárfestingar séu einungis af eftirtöldu tagi:
 - a. Kaup á rafrænt eignarskráðum verðbréfum, skráðum til samræmis við lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, að uppfylltu eftirfarandi:
 - i. Að um sé að ræða *hlutabréf* útgefin af hlutafélagi eða samlagshlutafélagi, sbr. lög um hlutafélög nr. 2/1995, sem skrásett er á Íslandi skv. staðfestu fyrirtækjavottorði; *eða*,¹⁰
 - ii. að um sé að ræða *skuldabréf* sem útgefin eru af íslenskum lögaðilum;
 - iii. *en* í öllum tilvikum skulu rafrænt skráð verðbréf vera gefin út í krónum og vera varðveitt á reikningi í nafni fjárfestis, hjá vörsluaðila sem Seðlabankinn vísar til á heimasíðu sinni (eða annars staðar).
 - b. Kaup á fasteign á Íslandi. Þar með talið að greiða niður, eða að fullu, áhvílandi veðskuldir innlendra lánastofnana sem stofnað hefur verið til í tengslum við eigendabreytingar á fasteigninni.¹¹
 - c. Kaup á hlutdeildarskírteinum, eða hlutabréfum, í verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum, þ.m.t. fagfjárfestasjóðum, að uppfylltu eftirfarandi:
 - i. Að slíkir sjóðir séu stofnaðir og að þeir starfi samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði; og
 - ii. að þeir séu reknir af rekstrarfélagi sem Seðlabankinn hefur gert samning við um rekstur sjóða til samræmis við fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta;¹²

⁷ Breytt 19. nóvember 2012

⁸ Breytt 1. mars 2012

⁹ Breytt 19. nóvember 2012

¹⁰ Breytt 1. mars 2012

¹¹ Breytt 1. mars 2012

Fjárfestingar sjóða sem unnt er að fjárfesta í skv. þessum c.-lið eru ekki takmarkaðar við að vera af því tagi sem greinir í þessari 6. gr., né eru þær heldur háðar þeim skilyrðum sem fram koma í 7. og 8. gr., varðandi arðgreiðslur og lánveitingar.

7. Skuldbindingar fjárfestis skulu ekki koma í veg fyrir að hann geti fengið greiddan eðlilegan arð af fjárfestingum sínum kvaðalaust, svo sem arðgreiðslur hlutafélaga eða húsaleigu, enda sé þá um að ræða eðlilega arðsemi og að tekjur af fjárfestingum séu í samræmi við eðli og áhættu fjárfestingarinnar; og þar með *ekki* í andstöðu við kvaðir um fjárfestingar til langs tíma. Skal það eiga við um hvers kyns reiknaðar tekjur af eignum, s.s. arð, leigutekjur og vaxtagreiðslur. Við mat á því getur Seðlabankinn meðal annars litið til þess hvort greiðsla arðs af eiginfjárgerningum, sem og afföll og hverjar aðrar tekjur af verðbréfum umfram metna áhættu, séu talin óeðlileg; eða hvort um sé að ræða duldar arðgreiðslur; ellegar hvort um sé að ræða málamyndagerninga sem jafnað verði til þess að fjárfestingunni hafi í raun verið ráðstafað fyrir lok kvaðabindinga.
8. Fjárfesting samkvæmt 6. gr. í rafrænt útgefnum skuldabréfum skal sérstaklega uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a. Að tíminn frá því að fjárfestingin á sér stað og fram að gjalddaga sé ekki skemmri en 10 ár.
 - b. Að höfuðstólsgreiðslur geti fyrst hafist að fimm árum liðnum frá því fjárfestingin átti sér stað, en árleg höfuðstólsgreiðsla skal ekki nema meiru en fimmtungi af upphaflegum höfuðstóli út líftíma bréfsins. Skuldabréfaflokkar sem gefnir hafa verið út í tengslum við fyrri útboð samkvæmt fjárfestingarleið teljast uppfylla fyrrgreind skilyrði.¹³
 - c. Að bréfin innihaldi *ekki* heimild til fyrirframgreiðslu/niðurgreiðslu höfuðstóls.
 - d. Að vaxtagreiðslur séu, sbr. það er segir um arðgreiðslur í 7. gr., eðlilegar og á markaðsforsendum.
9. Komi af einhverjum ástæðum til þess, meðan kvaðir á fjárfestingu eru enn í gildi, að innlausn á fjárfestingu eigi sér stað, gerir Seðlabankinn það að skilyrði að fjárfestir verji þeim fjármunum sem til falla vegna innlausnarinnar til fjárfestingar skv. Fjárfestingarleiðinni, í samráði við Seðlabankann. Miðað skal þá við þann tíma sem eftir lifði af kvöðinni. Með innlausn er hér átt við hvers konar skyldu fjárfestis til þess að selja eða framselja fjárfestinguna, en einnig það ef fjárfestir neyðist til að gjaldfella kröfu, eða gera annað það sem umbreytir fjárfestingunni í peningafjárhæð eða önnur verðmæti.
10. Það er ennfremur skilyrði af hálfu Seðlabankans að fyrirhuguð fjárfesting eigi í engum tilfellum, hvorki beint eða óbeint, að standa undir einhverju af eftirtöldu:
 - a. Erlendri fjárfestingu. Með erlendri fjárfestingu er átt við beina eða óbeina fjárfestingu í erlendum eignum, svo sem, en án tæmandi talningar, verðbréfum útgefnum af erlendum aðilum, lánveitingum til eða á milli erlendra aðila, eða fasteignum sem staðsettar eru erlendis.
 - b. Kaupum hlutafélags á eigin hlutabréfum.¹⁴
 - c. Lánveitingum í erlendum gjaldeyri.
 - d. Fjárfestingum í öðru en því sem talið er upp í 6. gr., þar með talið einhverju af eftirtöldu:
 - i. Fjárfestingar í loftförum, sbr. lög um skrásetningu réttinda í loftförum nr. 21/1966, nema um sé að ræða kaup á loftförum í eðlilegum tengslum við fjárfestingu eða starfsemi fjárfestis.
 - ii. Fjárfestingar í skipum og/eða lausafé almennt, í skilningi V.-VII. kafli þinglýsingalaga nr. 39/1978, nema um sé að ræða kaup á skipum og/eða lausafé í eðlilegum tengslum við fjárfestingu eða starfsemi fjárfestis.
 - iii. Kröfum á fjármálafyrirtæki sem hafa verið meðhöndluð eftir málsmeðferð skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

¹² Breytt 1. mars 2012

¹³ Breytt 1. mars 2012

¹⁴ Breytt 1. mars 2012

- iv. Afleiðusamninga.
- v. Öðru því sem jafna má til i. – iv. liðar.
- e. Fjármögnunar almennra utanríkisviðskipta (e. current transactions), önnur en þau sem *ekki* teljast til kaupa á nauðsynlegum aðföngum til samræmis við venjubundna starfsemi fjárfestis eða uppsetningu og rekstur fjárfestingar. Skilgreining almennra utanríkisviðskipta miðast við það sem kveðið er á um í d-lið XXX. gr. stofnsáttmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

UMSÓKN UM ÞÁTTTÖKU

11. Umsókn fjárfestis um þátttöku í útboði Seðlabankans skulu sendar Seðlabankanum gegnum milligönguaðila, sbr. það er síðar segir um milligöngu í þessum skilmálum.
12. Meðfylgjandi umsókn um þátttöku þurfa að fylgja eftirfarandi upplýsingar og gögn, *eftir því sem við á í hverju tilfalli*, og á því formi sem Seðlabankinn óskar eftir:
 - a. Undirritaður skilmáli, af hálfu fjárfestis, um gjaldeyrisviðskipti við Seðlabanka Íslands, sbr. 5. gr.
 - b. Afrit af samningi milli fjárfestis og milligönguaðila, varðandi þjónustu milligönguáðilans við fjárfestinn, til staðfestingar þess að milligönguáðili hafi heimild til að koma fram fyrir hönd fjárfestis.
 - c. Uppgjörsábyrgðir vegna samþykks tilboðs í útboði:¹⁵
 - i. Uppgjörsábyrgð, útgefin af innlendum viðskiptabanka, þar sem veitt er óafturkallanleg ábyrgð gagnvart Seðlabankanum á greiðslu gjaldeyris vegna samþykks tilboðs í útboði, og skal bankaábyrgðin standa allt frá því að milligönguáðili leggur fram f.h. fjárfestis tilboð í útboði og þar til greiðsla gjaldeyris samkvæmt tilboðinu hefur að fullu verið afhent Seðlabankanum, með þeim hætti sem kveðið er á um í þessum skilmálum eða útboðsskilmálum. Auk þess að tryggja efndir tilboðs skal bankaábyrgðin jafnframt tryggja greiðslu dráttarvaxta og annars innheimtukostnaðar. Ábyrgðin skal vera á því formi sem Seðlabankinn ákveður.
 - ii. Sönnun millifærslu, en í stað uppgjörsábyrgðar, sem er útgefin af innlendum viðskiptabanka, getur milligönguáðili lagt inn gjaldeyri (EUR) á reikning Seðlabankans eigi síðar en sólarhring fyrir útboð sem nemur væntanlegu útboðsandvirði. Verði ekki af viðskiptum í útboði sbr. 1. mgr. 20. gr., og með vísan til c. liðar 12. gr., skal Seðlabankinn endurgreiða þá fjármuni sem milligönguáðili lagði inn á reikning í Seðlabankanum fyrir hönd fjárfestis sem tryggingu útboðsefnda.¹⁶
 - d. Fjárfestir skal sanna á sér deili gagnvart Seðlabankanum með hliðstæðum hætti og þeim sem mælt er fyrir um í a. og b. liðum 1. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Auk þess skal, ef fjárfestir er einstaklingur, veita upplýsingar um nafn og kennitölu, og afhenda staðfestingu á skráðu lögheimili.
 - e. Ef fjárfestir er lögaðili skal afhenda afrit af samþykktum félagsins (fjárfestisins), og jafnframt afhenda yfirlit yfir hluthafa og eigendur fjárfestis. Upplýsa skal Seðlabankann um eignarhald á fjárfesti og þá hver sé raunverulegur eigandi (e. beneficial owner) fjárfestis, með hliðstæðum hætti og þeim sem mælt er fyrir um í a. og b. liðum 4. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en þó án tillits til þess sem þar segir um lágmarks eignarhluti, atkvæðisrétt eða eignir.
 - f. Staðfestingu þess að áreiðanleiki fjárfestis hafi verið kannaður, skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006, af hálfu milligönguáðila eða þá annars aðila, sem ýmist fullnægir kröfum þeim sem gerðar eru í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eða sem að öðru leyti lýtur að mati Seðlabankans

¹⁵ Breytt 1. mars 2012

¹⁶ Breytt 19. nóvember 2012

bæði sambærilegum kröfum og í þeim lögum, sem og eftirliti sambærilegu við eftirlit með íslenskum fjármálafyrirtækjum.

- g. Fjárfestir skal staðfesta að hann sé raunverulegur eigandi fjármunanna, svo og að viðskiptin séu framkvæmd fyrir eigin reikning fjárfestisins en ekki fyrir hönd annars/annarra aðila. Þá skal fjárfestir staðfesta það hvort hann ætli sér að byggja þátttöku sína annað hvort á sölu erlends gjaldeyris hjá innlendu fjármálafyrirtæki, eða með vísan til tilkynningar um nýfjárfestingu samkvæmt Nýfjárfestingarleið Seðlabankans.
 - h. Upplýsingar um það í hvaða tegund fjárfestinga skv. 6. gr. fjárfestir hyggist fjárfesta.
 - i. Ef um er að ræða fyrirhugaða fjárfestingu til áskriftar að nýjum hlutum í hlutafélagi, hvort sem um ræðir stofnun félags eða hækkun hlutafjár, skal afhenda upplýsingar þar sem fram kemur, hverjar fyrirætlanir hlutafélagið hefur um ráðstöfun hlutafjárframlagsins, en það geta verið fjárfestingaráætlanir, endurrit fundargerða af hluthafafundum eða stjórnarfundum eða önnur gögn af sama toga.
 - j. Að öðru leyti þær upplýsingar sem Seðlabankinn kann að krefjast, og sem ekki eru taldar upp í ofangreindum liðum, og sem lúta að því að gera Seðlabankanum það kleift að ganga úr skugga um að skilyrði viðskipta séu uppfyllt.
13. Í öllum tilvikum skal við afhendingu upplýsinga og gagna skv. 12. gr. reynt eftir því sem frekast er unnt að vekja sérstaklega athygli á því, annaðhvort með áritun á afrit skjala eða með undirstrikunum í texta, að hvaða leyti skilyrði fyrir viðskiptum eru uppfyllt. Krefjist Seðlabankinn þess skal útvega íslenska þýðingu á efni erlendra skjala.
14. Umsóknir skulu lagðar fram svo tímanlega að Seðlabankanum gefist tími til að yfirfara efni þeirra áður en efnt er til útboðs samkvæmt auglýsingu þar um. Sá tími sem Seðlabankinn áskilur sér til yfirferðar umsókna er a.m.k. 14 virkir dagar. Þá áskilur Seðlabankinn sér rétt til þess að setja það skilyrði að einungis þær umsóknir sem hafi verið samþykktar viku fyrir útboðsdag geti orðið grundvöllur að þátttöku í útboði.
15. Þegar umsókn hefur borist kannar Seðlabankinn eftir því sem við á hvort umsóknin, og sú fyrirhugaða fjárfesting sem hún byggir á, séu í því formi sem mælt er fyrir um í þessum skilmálum og útgefnum útboðsskilmálum, hvort fjárfestir uppfylli öll formskilyrði, hvort fyrirhuguð fjárfesting uppfylli skilyrði Seðlabankans eins og henni er lýst í umsókninni og fylgigögnum, hvort augljósir annmarkar séu á fylgigögnum, og hvort milligönguaðili hafi heimild til að koma fram fyrir hönd fjárfestis gagnvart Seðlabankanum. Telji Seðlabankinn atvik vera fyrir hendi sem valda því að umsóknin geti ekki orðið grundvöllur viðskipta við Seðlabankann endursendir hann umsóknina svo fljótt sem verða má ásamt stuttum rökstuðningi fyrir því hvers vegna svo sé. Fjárfestir getur þá sent aðra umsókn og getur ferlið verið endurtekið svo oft sem þurfa þykir þar til umsókn fullnægir öllum skilyrðum.
16. Þegar staðreynt hefur verið að umsókn fullnægi öllum skilyrðum staðfestir Seðlabankinn það með staðfestingu skilmála við fjárfesti, og tilkynnir það milligönguaðilanum. Gildir það samþykki nema fjárfestir uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem Seðlabankinn setur fyrir viðskiptunum, eða ef atvik breytast svo að fyrirhuguð fjárfesting er ekki lengur til samræmis við umsókn, eða ef fjárfestir dregur umsókn sína til baka.
17. Samþykki Seðlabankans á fjárfesti felur ekki í sér afstöðu til þess, né ber Seðlabankinn ábyrgð á því, að fjárfesti sé heimil slík fjárfesting að teknu tilliti til laga, sbr. t.d. lög nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eða samkeppnislög nr. 44/2005; né heldur staðfestingu þess að forsendur fjárfestis séu réttar varðandi réttarvernd kvaða og tryggingu viðskipta, eða annarra þátta varðandi uppgjör og frágang viðskipta sem leiða af eðli máls í hverju tilviki.¹⁷

VIÐSKIPTI

¹⁷ Breytt 19. nóvember 2012

18. Fjárfestir sem Seðlabankinn staðfestir sem gagnaðila í viðskiptum, í samræmi við skilmála þessa, og sem selur eða hyggst selja, erlendan gjaldeyri hjá innlendri fjármálastofnun, mun geta tekið þátt í gjaldeyrisútboði og selt Seðlabankanum erlendan gjaldeyri.¹⁸
19. Verður gjaldeyrisútboðið haldið samkvæmt útboðsskilmálum, sem Seðlabankinn gefur út, sem munu gilda um viðskiptin samkvæmt fjárfestingarleiðinni, þar sem fram koma meðal annars heildarmagn evra sem Seðlabankinn býðst til að kaupa, nánari atriði varðandi uppgjör og annað það sem máli skiptir vegna viðskiptanna.

UPPGJÖR VIÐSKIPTA

20. Ef af viðskiptum verður milli Seðlabankans og fjárfestis, að undangengnu útboði, skal fjárfestir skila til Seðlabankans eftirfarandi upplýsingum og gögnum, *eftir því sem við á hverju sinni*, og fullnægja með því skilyrðum fyrir uppgjöri viðskipta, á því formi sem Seðlabankinn krefst eða leggur til:
 - a. Upplýsingar um fjárfestinguna þar sem fram kemur nánar hver hún er og að hvaða leyti fjárfesting er til samræmis við það sem greinir í þessum skilmálum og/eða útboðsskilmálum.
 - b. Ef um ræðir fjárfestingu í rafrænt eignarskráðum verðbréfum, hvort sem það eru skuldabréf, hlutabréf útgefin af hlutafélagi, eða hlutdeildarskírteini og/eða hlutabréf útgefin af sjóði; skal í öllum tilvikum afhenda afrit af útgáfulýsingu verðbréfsins.
 - c. Þá skal í tilviki fjárfestingar í rafrænt eignarskráðum verðbréfum, þ.e. hlutabréfum útgefnum af hlutafélagi eða skuldabréfum, skal skila inn undirritaðri yfirlýsingu fjárfestis um kvöð varðandi 5 ára eignarhald verðbréffanna, ásamt staðfestingu vörsluaðila rafrænt skráðra verðbréfa á skráningu kvaðarinnar, og ennfremur, í tilviki rafrænt skráðra hlutabréfa, staðfestingu stjórnar hlutafélagsins um að hún hafi mótttekið kvöðina og skráð hana í hlutaskrá félagsins.
 - d. Ef um er að ræða fjárfestingu í fasteign skal fjárfestir afhenda afrit af þinglýsingarvottorði fasteignarinnar, ásamt afriti af kaupsamningi, ellegar samþykktu kauptilboði, sem er án annarra fyrirvara um greiðslur en þeirra er lúta að fjármögnun með gjaldeyriskaupum í útboði Seðlabankans.
 - e. Þá skal í tilviki fasteignakaupa skila inn undirritaðri yfirlýsingu fjárfestis um kvöð varðandi 5 ára eignarhald á viðkomandi fasteign, þar sem fram kemur að henni hafi verið þinglýst á alla fasteignina (fasteignanúmer).¹⁹
 - f. Ef um er að ræða fyrirhugaða fjárfestingu til kaupa á hlutafé eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði eða fagfjárfestingasjóði, skal fjárfestir afhenda afrit af þeim reglum sem rekstarfélag sjóðsins hefur sett sjóðnum ásamt afriti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.
 - g. Þá skal einnig í tilviki kaupa á hlutdeildarskírteinum, eða hlutabréfum, í verðbréfasjóðum, fjárfestingasjóðum og fagfjárfestingasjóðum, skila inn undirritaðri yfirlýsingu fjárfestis um kvöð varðandi 5 ára eignarhald á hlutunum, auk undirritaðrar yfirlýsingar rekstrarfélags sjóðsins varðandi vitneskju um kvöðina sem hvíli á eign fjárfestisins.
 - h. Staðfestingu þess að fjárfestir hafi selt erlendan gjaldeyri hjá innlendri fjármálastofnun, sbr. 18. gr., og að andvirði þess gjaldeyris hafi runnið til fjárfestingarinnar. Aðilar sem hafa nýtt sér heimild 13. gr. m laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, m.s.br., og selt erlendan gjaldeyri fyrir krónur teljast hafa uppfyllt ákvæði 1. másl. enda sé nýfjárfestingin í tengslum við umsókn fjárfestis. Fjárfestir þarf þó að afsala sér heimild til sölu nýfjárfestingar og kaupa á erlendum gjaldeyri fyrir söluandvirðið, skv. 13. gr. m., með formlegum hætti til Seðlabankans. Við afsal nýfjárfestingar, skv. þátttöku í fjárfestingarleið, skal hið sama gilda

¹⁸ Breytt 18. nóvember 2011 kl. 18:25.

¹⁹ Breytt 19. nóvember 2012

og ef um sölu nýfjárfestingar væri að ræða, skv. 13. gr. m., að því undanskildu að hvorki reiknast arður né tap af nýfjárfestingu, skv. 13. gr. m. Evrur sem fjárfestir óskar eftir að uppfylli sölu hjá innlendri fjármálastofnun (álandshluti) skulu þannig jafngilda evrum sem fengjust ef sala nýfjárfestingar ætti sér stað við dagsetningu auglýsingar um útboð. Miða skal við krónuupphæð nýfjárfestingar og miðgengi Seðlabankans gagnvart evru við dagsetningu auglýsingar um útboð. Ekki munu þó nein gjaldeyrisviðskipti í raun eiga sér stað.²⁰

- i. Yfirlýsingu fjárfestis um að hann afsali sér heimild til sölu fjárfestinga skv. Nýfjárfestingarleið, ef við á.
 - j. Að öðru leyti þær upplýsingar og gögn sem Seðlabankinn kann að krefjast, og sem gera Seðlabankanum það kleift að ganga úr skugga um að skilyrði viðskipta séu uppfyllt.
21. Um uppgjör viðskiptanna fer nánar eftir útboðsskilmálum, sem verður í grófum dráttum þannig að sem fyrst eftir tilkynningu um samþykki Seðlabankans á tilboði þá afhendir milligönguaðili fjárfestis sem tekur þátt í útboði, Seðlabankanum þann erlenda gjaldeyri sem samþykktur var til kaups. Gegn þeirri afhendingu mun Seðlabankinn afhenda krónueign fjárfestisins inn á sérstakan reikning milligönguaðila hjá Seðlabankanum. Þegar sýnt er fram á að öll skilyrði fyrir viðskiptunum hafa verið uppfyllt mun útgreiðsla krónanna verða heimil.
 22. Svo lengi sem kvaðir um langtímafjárfestingu eru í gildi getur Seðlabankinn, telji hann ástæðu til, kallað eftir upplýsingum frá fjárfesti, er varða skilyrði fyrir viðskiptunum.
 23. Ákvæði 1. másl. 3. mgr. 13. gr. b. laga um gjaldeyrismál skal ekki koma í veg fyrir að fjárfestir geti ráðstafað krónum sem hann hyggst nota til fjárfestingar samkvæmt fjárfestingarleið í þá fjárfestingu sem hann hyggst ráðast í, í samræmi við skilmála þessa.

UMSÓKNIR TIL FLUTNINGS AFLANDSKRÓNA

24. Fjárfestir sem selur, eða hyggst selja, erlendan gjaldeyri hjá innlendri fjármálastofnun mun geta sent inn umsókn til Seðlabankans um að flytja til landsins aflandskrónur, sem hafa verið í samfelldu eignarhaldi fjárfestis frá 28. nóvember 2008, í þessum kafla vísað til sem „aflandskrónur“.* Seðlabankinn áskilur sér rétt til þess að takmarka heildarmagn aflandskróna sem unnt verður að flytja til landsins á hverjum tíma. Slíkur flutningur aflandskróna verður að öðru leyti háður eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Fjárhæð aflandskróna sem fjárfestir getur óskað eftir að flytja til landsins skal samsvara jafnvirði þess erlenda gjaldeyris sem fjárfestir selur, eða mun selja, innlendri fjármálastofnun, miðað við fjárfestingargengi. Seðlabankinn mun gefa það út sérstaklega hvert fjárfestingargengið er, en það mun miðast við það gengi sem ákvarðast í útboði Seðlabankans.
 - b. Fjármagnshreyfingar aflandskróna vegna fjárfestingar samkvæmt fjárfestingarleið eru undanþegnar 1. másl. 3. mgr. 13. gr. b., sbr. 13. gr. o. laga 87/1992, um gjaldeyrismál, að því tilskyldu að Seðlabankinn hafi staðfest að aflandskrónurnar hafi verið í samfelldu eignarhaldi fjárfestis frá 28. nóvember 2008 til fjárfestingardags. Fjárfestir skal innan fjögurra vikna frá staðfestingu Seðlabanka Íslands, sbr. 26. gr. skilmála þessa, flytja aflandskrónur hingað til lands til fjárfestingar samkvæmt fjárfestingarleið.
 - c. Til staðfestingar á samfelldu eignarhaldi skal fjárfestir leggja fram viðeigandi gögn svo af megi ráða með óvægjanlegum hætti að eignarhald fjárfestis hafi verið samfellt, s.s. stöðuyfirlit reiknings dagsett eigi síðar en 28. nóvember 2008 auk nýlegs stöðuyfirlits, þó ekki eldra en tveggja vikna, ásamt hreyfingayfirliti sem sýnir allar færslur á viðkomandi reikningi innan tímabilsins. Framangreind yfirlit skulu staðfest af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

²⁰ Breytt 1. mars 2012

* Aflandskrónur samkvæmt þessum kafla skilmálanna eru íslenskar krónur sem eru í eigu eða í vörslu erlendra fjármálastofnana á uppgjorsreikningum þeirra.

- d. Aðilar sem nýtt hafa Nýfjárfestingarleið geta óskað eftir að fá að flytja hingað til lands aflandskrónur. Skal umsóknin þá grundvallast á því innflæði erlends gjaldeyris sem hefur verið tilkynnt Seðlabankanum á grundvelli Nýfjárfestingarleiðarinnar, en í staðinn verður fjárfestir að afsala sér heimild til sölu fjárfestinga gegn erlendum gjaldeyri, sbr. 5. mgr. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál.
 - e. Fjárfestir skal uppfylla öll sömu skilyrði og þau sem fram koma í 4. gr., en þó þannig að tilvísun í b. og c. liðum, til þeirra fjármuna sem fjárfestir hyggist bjóða *Seðlabankanum* til kaups, eigi við um þá fjármuni sem fjárfestir hyggst bjóða *innlendu fjármálafyrirtæki* til kaups.
 - f. Flutningur aflandskróna verður skilyrtur því að fjárfestir áformi fjárfestingu til fimm ára hið minnsta. Að öðru leyti verður flutningur aflandskróna háður öllum sömu skilyrðum og greinir í 5. gr., varðandi samþykki fjárfestis á kvöðum með ákvæði um innlausnarrétt Seðlabanka til handa, skuldbindingum fjárfestis til að ljá atbeina sinn að hverju því sem nauðsynlegt er, svo kvöðum verði veitt réttarvernd með fullnægjandi hætti, og skuldbindingu varðandi upplýsingagjöf.²¹
 - g. Fyrirhugaðar fjárfestingar skulu vera hinar sömu og greinir í 6. gr., en um þær gilda einnig 7. gr. (arður af fjárfestingu), 8. gr. (skilmálar rafrænna skuldaskjala), 9. gr., (innlausn fjárfestingar) og 10. gr. (almennar takmarkanir á fjárfestingu).
25. Umsókn fjárfestis til flutnings aflandskróna skal send Seðlabankanum gegnum milligönguaðila, sbr. það er segir um milligöngu í þessum skilmálum. Um umsóknir þessar gildir eftirfarandi:
- a. Meðfylgjandi umsókn þurfa að vera allar sömu upplýsingar og gögn og talin eru upp í 12. gr., *eftir því sem við á í hverju tilfelli*, og á því formi sem Seðlabankinn óskar eftir, en þó að frátöldum a.-lið þeirrar greinar. Þá skal, með sama hætti og segir í 13. gr., vekja athygli á því sem máli skiptir í afhentum gögnum og upplýsingum.
 - b. Þegar umsókn hefur borist kannar Seðlabankinn eftir því sem við á hvort umsóknin, og sú fyrirhugaða fjárfesting sem hún byggist á, séu í því formi sem mælt er fyrir um í þessum skilmálum, hvort fjárfestir uppfylli öll formskilyrði, hvort fyrirhuguð fjárfesting uppfylli skilyrði Seðlabankans eins og henni er lýst í umsókninni og fylgigögnum, hvort augljósir annmarkar séu á fylgigögnum, og hvort milligönguaðili hafi heimild til að koma fram fyrir hönd fjárfestis gagnvart Seðlabankanum.
 - c. Sá tími sem Seðlabankinn áskilur sér til yfirferðar umsókna er a.m.k. 7 virkir dagar.
 - d. Telji Seðlabankinn atvik vera fyrir hendi sem valda því að umsóknin geti *ekki* orðið grundvöllur að flutningi á aflandskrónum, sbr. ofangreint, endursendir hann umsóknina svo fljótt sem verða má ásamt stuttum rökstuðningi fyrir því hvers vegna svo sé. Fjárfestir getur þá sent aðra umsókn og getur ferlið verið endurtekið svo oft sem þurfa þykir þar til umsókn fullnægir öllum skilyrðum.
 - e. Þegar staðreynt hefur verið að umsókn fullnægi öllum skilyrðum tilkynnir Seðlabankinn milligönguaðila um það. Gildir það nema fjárfestir uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem Seðlabankinn setur fyrir viðskiptunum, eða ef atvik breytast svo að fyrirhuguð fjárfesting er ekki lengur til samræmis við umsókn, eða ef fjárfestir dregur umsókn sína til baka.
26. Nú hefur Seðlabankinn tilkynnt milligönguaðila um að umsókn fjárfestis fullnægi öllum skilyrðum. Fjárfestir skal þá skila til Seðlabankans þeim upplýsingum og gögnum sem lýst er í 20. gr., en þó að frádregnum i.-lið þeirrar greinar, og fullnægja með því endanlega skilyrðum fyrir flutningi aflandskrónanna. Þegar sýnt er fram á að öll skilyrði hafa verið uppfyllt skal fjárfestir innan fjögurra vikna flytja hingað til lands þær aflandskrónur sem staðfesting Seðlabankans kveður á um.
27. Svo lengi sem kvaðir um langtímafjárfestingu eru í gildi getur Seðlabankinn, telji hann ástæðu til, kallað eftir upplýsingum frá fjárfesti, er varða skilyrði fyrir aflandskrónum.

²¹ Breytt 1. mars 2012

MILLIGÖNGUAÐILAR

28. Þeim aðilum sem heimilað verður að annast milligöngu fyrir fjárfesta gagnvart Seðlabankanum eru fjármálafyrirtæki sem uppfylla bæði eftirtalinna skilyrða
 - a. Að viðkomandi sé fjármálafyrirtæki sem hafi *annað hvort* starfsleyfi á grundvelli b-liðar 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaframtæki); *eða* starfsleyfi á grundvelli c- og e-liða 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (verðbréfafyrirtæki með heimild til fyrirtækjaráðgjafar og gjaldeyrisþjónustu).
 - b. Að viðkomandi milligönguaðili hafi undirritað samstarfssamning við Seðlabankann.
29. Milligönguaðilar veita fjárfesti þá þjónustu sem aðilum semst um, en þó skal milligangan að lágmarki felast í því að veita fjárfesti ráðgjöf við gerð umsókna um þátttöku í útboði eða umsókn um heimild til flutnings á krónum háðum takmörkunum, samantekt upplýsinga og fylgigagna með erindum, framlagningu umsókna í nafni fjárfestis, samskipti við Seðlabankann fyrir hönd fjárfestis, að annast uppgjör að loknum viðskiptum, og öðru því sem leiðir af fyrirkomulagi viðskiptanna.
30. Milligönguaðilar munu þurfa að undirrita samstarfssamning við Seðlabankann þar sem kveðið verður á um stöðu milligönguaðila gagnvart Seðlabankanum.
31. Jafnframt geta milligönguaðilar ábyrgst afhendingu gjaldeyris í gjaldeyrisútboði, enda hafi þeir til þess starfsleyfi, í stað þess að fjárfestir afhendi Seðlabankanum bankaábyrgð.
32. Þá munu milligönguaðilar þurfa, nema einungis verði um að ræða milligöngu vegna flutnings króna háðum takmörkunum, að stofna sérstakan reikning hjá Seðlabankanum, sem verður einungis notaður við uppgjör viðskipta.

ÖNNUR ATRÍÐI

33. Umsóknum fjárfesta um þátttöku skulu milligönguaðilar skila f.h. umbjóðenda sinna til Seðlabanka Íslands á rafrænu formi á heimasíðu Seðlabankans, og skal fylgja með rafrænt afrit (skannað) af *öllum* fylgigögnum, en senda skal frumrit þeirra fylgigagna sem nauðsynlegt er að berist Seðlabankanum í pappírformi (t.d. skilmáli gagnvart fjárfesti og frumrit kvaða) til:

Seðlabanki Íslands
B.t. verkefnisstjórnar losunar hafta
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
34. Að öðru leyti veitir Seðlabankinn milligönguaðilum nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar, og er unnt að beina fyrirspurnum til verkefnisstjórnar í síma 569-9600 eða á netfangið verkefnisstjorn@sedlabanki.is. **Áhugasömum fjárfestum er bent á að leita til milligönguaðila.**
35. Seðlabankinn mun birta yfirlit á heimasíðu sinni yfir það hvaða skilyrði séu lögð til grundvallar því að fjármálafyrirtæki taki að sér milligöngu.
36. Fjárfestir ber sjálfur allan kostnað vegna viðskiptanna, þar með talinn kostnað sem verður vegna fjármagnsflutninga og þann kostnað sem milligönguaðilar innheimta vegna þjónustu sinnar.
37. Þar sem skilmálar þessir vísa til fjárfestis er einnig átt við fjárfestahóp, eftir því sem við á. Orðalag skilmálanna er því ekki til takmörkunar á því að fleiri en einn fjárfestir komi að einni og sömu fjárfestingunni. Því gildir það um slíka fjárfestahópa að ákvæði skilmálanna taka til allra fjárfestanna sem einn væri.
38. Skilmálum þessum kann að verða breytt eða þeir aðlagðir með einhverjum hætti án frekari fyrirvara. Þá er efni skilmálanna ekki bindandi varðandi útboðsviðskiptin nema að því leyti sem

útbodsskilmálar vísa til skilmála þessara. Eru áhugasamir fjárfestar hvattir til þess að kynna sér gildi skilmálanna og efni þeirra á hverjum tíma.

39. Skilmálar þessir eru þýddir yfir á ensku en íslenski textinn gildir.